

Nr. 30/1903: Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðar-
 hrepps
 gegn
 verzlunarstjóra Jóni Davíðs-
 syni fyrir hönd verzlunar
 Thor E. Tulinius á Fáskrúðs-
 firði.

D ó m u r:

Áfrýjunarstefnan í máli þessu er útgefn af dómsmálaritara yfirdómsins 26. maí þ. á., en þó hljóðar vottorð stefnuvottanna á stefnunni um, að hún hafi verið birt stefnda 20. maí þ. á., og vottorð þetta er dagsett 20. maí 1902. Með svolögðu vottorði er engin sönnun fengin fyrir birtingu stefnunnar með lögskipuðum fyrirvara fyrir hinum stefnda, og með því að hann hefir hvorki mætt né mæta látið af sinni hálfu fyrir yfirdóm-inum samkvæmt stefnunni, ber ex officio að vísa stefnunni frá yfirdóminum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjunarstefnunni vísast frá yfirdóm-inum.